

AUGLÝSING

um hækkun hafnagjaldskráa.

Samkvæmt 27. gr., sbr. 12. gr. hafnalaga nr. 45 24. apríl 1973, staðfestir ráðuneytið hér með til að öðlast þegar gildi 8% hækkun á gildandi gjaldskráum eftirtalinna hafnasjóða:

1. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Borgarness, nr. 147/1975, sbr. reglugerð nr. 22/1981.
2. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Patrekshafnar, nr. 407/1975, sbr. reglugerð nr. 28/1981.
3. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Þingeyrarkauptúns, nr. 179/1976, sbr. reglugerð nr. 31/1981.
4. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Súðavíkur, nr. 406/1975, sbr. reglugerð nr. 36/1981.
5. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Seyðisfjarðar, nr. 122/1975, sbr. reglugerð nr. 56/1981.
6. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Neskaupstaðar, nr. 21/1976, sbr. reglugerð nr. 58/1981.
7. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Eskifjarðarkaupstaðar, nr. 149/1975, sbr. reglugerð nr. 57/1981.
8. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Stöðvarfjarðarkauptúns, nr. 209/1976, sbr. reglugerð nr. 60/1981.

Þrátt fyrir ofanritað skal aflagjald vera óbreytt frá því sem ákveðið er í gildandi gjaldskráum.

Samgönguráðuneytið, 29. maí 1981.

F. h. r.

Brynjólfur Ingólfsson.

Birgir Guðjónsson.

14. maí 1981.

Nr. 277.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystum hörpuðiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1981.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystum hörpuðiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1981:

	U.S. \$ pr. lb. cif.
Lausfrystur hörpuðiskur	3,30
Blokkfrystur hörpuðiskur	3,05
Rauður hörpuðiskur	1,80

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðin miðast við viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. maí 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.